

# Yfirlýsing ráðherra þjóða sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum á Íslandi 2015

## *Heiðarleiki í íþróttum á okkar tímum og í framtíðinni*

*Yfirlýsing ráðherra þjóða sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum á Íslandi 2015:*

Mikil þróun hefur orðið á undanförunum áratugum í íþróttum almennt. Með meiri þekkingu og aukinni atvinnumennsku í íþróttum hafa íþróttir í vaxandi mæli orðið efnahagslega mikilvægar og þannig tengt saman lönd og heimsálfur. Íþróttir njóta gífurlegrar athygli á alþjóðlegum vettvangi sem hefur leitt af sér að margar íþróttagreinar velta gríðarlegu fjármagni. Samfara þessu hafa því miður einnig orðið til vandamál sem að stórum hluta er hægt að tengja við hina efnahagslegu hlið íþróttanna.

Þörf fyrir lyfjaeftirlit í íþróttum má að stórum hluta rekja til þess að til eru íþróttamenn og starfsmenn þeirra sem reyna að svindla til þess að ná fram miklum efnahagslegum ávinningi. Einnig hafa á síðustu árum komið upp fjölmörg mál sem tengjast hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum. Markmið þeirra sem taka þátt í slíku athæfi er að ná fram efnahagslegum ávinningi í tengslum við veðmál vegna viðkomandi viðburðar. Allt þetta vekur alvarlegar spurningar um heiðarleika í íþróttastarfi og gildi íþróttanna. Sum mál á þessum sviðum eiga sinn uppruna í skipulagðri glæpastarfsemi, sérstaklega þau sem tengjast hagræðingu úrslita kappleikja, sem setur málið í nýtt samhengi. Það er augljóst að gildi íþróttanna mun minnka verulega ef slík þróun heldur áfram.

Hin smærri ríki Evrópu munu leggja sitt af mörkum í alþjóðlegu samstarfi sem og í starfi innanlands til að tryggja sem best heiðarleika og gildi íþróttanna til framtíðar. Það felur í sér að berjast gegn mútustarfsemi og annari spillingu innan alþjóðlegra íþróttasambanda. Það felur einnig í sér að vinna gegn áreitni og mismunun af öllu tagi innan íþróttanna, eins og t.d. kynþáttahatri, einelti og ofbeldi gegn börnum. Mikilvægi íþróttanna í samfélagi þjóðanna verður því aðeins viðhaldið ef skilningur á mikilvægi heiðarleika er til staðar bæði í umhverfi þeirra og innan þeirra. Ábyrgð íþróttahreyfingarinnar er hér lykilatriði en stjórnvöld ríkja sem standa að Smáþjóðaleikunum munu gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að styðja aðgerðir sem lúta að verndun heiðarleika í íþróttum.